

Grundarfjarðarbær
Sigurður Valur Ásbjarnarson
Borgarbraut 16
350 Grundarfjörður

Reykjavík, 12. mars 2024
UST202403-114/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2019-2039 - Ölkeldudalur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grundarfjarðarbæjar er barst 7. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2019-2039 fyrir Ölkeldudal.

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir eftirfarandi breytingum á aðalskipulagi: Landnotkunarreitir ÍB-5 stækka til norðurs, inn í Paimpolgarðinn (OP-3) og reitir OP-3 og S-3 minnka sem því nemur. Landnotkunarreitir ÍB-5 stækka lítillega til suðurs við Ölkelduveg 39-45, reitir OP-5 minnkar sem því nemur. Landnotkunarreitir S-3 fyrir samfélagsþjónustu stækka til suðurs og landnotkunarreitir ÍB-5 fyrir íþróttasvæði og reitir ÍB-5 fyrir íbúðasvæði minnka sem því nemur. Landnotkunarreitir ÍB-3 stækka lítillega til vesturs við Fellasneið 7, reitir OP-4 minnkar sem því nemur.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur